

Samantekt svæðisstjóra Eddusvæðis

Þegar ég tók við sem svæðisstjóri Eddusvæðis hafði ég háleit markmið og hafði í huga að hressa upp á fyrrum sveitunga mína í Borgarfirði og heimsækja klúbbana á svæðinu. En um haustið greindist ég með alvarlegan sjúkdóm og þurfti að fara í aðgerð. Í framhaldi af því tók við lyfjameðferð og hafa síðustu átta mánuðir verið erfiðir, en nú er það búið og ég á hraðri uppleið. Ég hafði mér við hlið ritarann minn, Baldur Árnason, sem hefur haldið utan um skýrslurnar fyrir mig, án hans hefði ég ekki getað þetta og vil ég þakka honum fyrir þolinmæðina og hjálpina.

Ég byrjaði á því að skipta um stjórn hjá klúbbnum mínum Jörfa á fundi með eiginkonum á veitingastaðnum Hafinu bláa. Síðan hjá félögum í Kötlu sem var einnig með eiginkonum á Hótel Hengli á Nesjavöllum. Svo hjá Þyrli á almennum fundi 4. október. Um stjórnarskipti í Höfða sá Sigurður Jóhannsson. Ekkert varð af heimsóknnum í klúbbana og sakna ég þess. En starfið hefur gengið mjög vel hjá klúbbunum fimm á Eddusvæðinu. Höfði er með 30 félaga og hefur stundað mjög góða fjáröflun að fjárhæð 2.636.398 kr. og veitt styrki fyrir 1.052.000 kr., mæting er 70%. Jöklar með sína 11 félaga og enga fjáröflun en veit ekki með mætingu því það vantar skýrslur frá þeim. Jörfi með 31 félaga og einnig með mjög góða fjáröflun, 1.440.377 kr., og veitti styrki fyrir 817.800 kr., mæting er 86%. Katla með 33 félaga, sömuleiðis með mjög góða fjáröflun að fjárhæð 1.094.000 kr., veitti styrki upp á 850.000 kr. og er með 81% mætingu. Þyrill með 33 félaga og fjáröflun upp á 629.324 kr. veitti styrki upp á 1.261.000 kr., er með 74% mætingu. Samtals eru 138 félagar á Eddusvæði og á hvern féлага er meðalfjáröflun 42.030 kr., veittur styrkur 28.846 kr. og 30 vinnustundir. Þetta er mjög góður árangur. Þrátt fyrir að fækkað hafi um þrjá á Eddusvæðinu, fjölgaði um jafnmarga og það í Þyrli, enda er þar mjög öflugur forseti, Stefán Lárus Pálsson. En við vonum að fjölgun verði á svæðinu með haustinu.

Fyrsti svæðisráðsfundur Eddu var haldinn í Kiwanishúsinu 13. nóvember 2010. Þar skiluðu forsetar mjög góðum skýrslum sem sýndi að mjög öflugt starf er í gangi, en því miður kom ekkert frá Jöklum. Svo var haldinn sameiginlegur fundur með stjórn Þórssvæðis og Eddusvæðis til undirbúnings sameiningar þessara svæða. Þar var ákveðið að kjörsvæðisstjóri Eddusvæðis, Snjólfur Fanndal úr Kötlu, yrði næsti svæðisstjóri nýs svæðis og að kjörsvæðisstjóri Þórssvæðis, Hörður Mar, yrði næsti kjörsvæðisstjóri nýs svæðis. Eftir nokkra fundi var ákveðið að halda sameiginlegan svæðisráðsfund Eddu- og Þórssvæðis í Geysishúsinu í Mosfellssveit 26. mars. Þar mætti umdæmisstjórn og fulltrúar allra klúbbar beggja svæðanna. Þar var kosið um nafn á nýtt sameinað svæði, og varð Freyjusvæði fyrir valinu. Þetta eru ekki tæmandi upplýsingar af svæðinu enda var ég ekki virkur á tímabilinu. En styrkur klúbbanna er mjög mikill og í þeim eru afar efnilegir félagsmálamenn með mikla reynslu af mannlegum samskiptum og vilja láta gott af sér leiða. Í stjórn Eddusvæðis voru með mér, Baldur Árnason ritari og Friðrik Hafberg meðstjórnandi, félagar mínir úr Jörfa og fráfarandi svæðistjóri Jakob Marinósson í Höfða. Að lokum vil ég þakka stjórn Eddusvæðis og Þórssvæðis fyrir samstarfið og óska hinu nýja Freyjusvæði velfarnaðar, þakka umdæmisstjóra og umdæmisritara og öllum sem ég hef átt samskipti við á þessu starfsári og sýnt mér umburðarlyndi í veikindum mínum.

Með Kiwaniskveðju,
Jón Jakob Jóhannesson
Svæðisstjóri Eddusvæðis.